

Ed.

## 271. Neðndarálit

um frumvarp til laga um lögaldur.

Nú er reglan um fjárráð manna sú, að maður verður hálfraður fjár síns 18 ára, en fullraður 25 ára. Og á það jafnt við konur sem karla og gifta sem ógifta. Þó verða ekkjur og konur, sem skilið hafa við menn sína, hvort heldur fyrir fult og alt eða að borði og sæng, fullráðar fjár síns um leið og hjónabandið eða sambúðin slitnar að lögum, hversu ungar sem eru. Og í annan stað geta menn fengið lögaldursleyfi og á þann hátt náð sömu fjárráðum og lögaldri fylgja.

Þessu vill frumvarpið breyta. Eftir því eiga menn að vera eitt af tvennu, annaðhvort alls óráðir um fé sitt eða einráðir.

Og í annan stað eiga menn að verða fullráðir fjár síns 21 ára.

Enda þó að óánægja muni eigi vera mikil og sízt almenn yfir ástandi því, sem er, hefir þó líkum breytingum og frumv. fer fram verið hreyft á alþingi oftár en einu sinni. Og er því þegar af þeirri ástæðu rétt að athuga frumvarpið, svo sem kostur er á.

Frumv. fer ekki fram á neina nýjung, sé litið til eldri laga vorra. Samkvæmt þeim voru menn annaðhvort óráðir eða einráðir um fé sitt, og urðu fullráðir fjár síns enda fyr en frumv. ætlar mönnum að verða það.

Og sé litið til annara þjóða, finnast víða líkar reglur og frumv. heldur fram. Þannig eru menn annaðhvort óráðir eða einráðir um fé sitt í Svíaríki og á Englandi. Aftur á móti er hálfraði lögmaelt í Danmörku, Noregi og Þýzka-landi. Og fullráðir fjár síns verða menn í öllum þessum löndum 21 árs gamlir, nema í Danmörku. Þar er fullraði bundið við 25 ár á sama hátt og hjá oss.

Það er að visu nokkuð vafasamt, hvort 21 ára gömlum mönnum yfirleitt er treystandi til að fara vel með fullraði í fjármálum. Einkum getur efi leikið

á því, hvort svo ungum mönnum er ætlandi að vera sig svo sem skyldi á ábyrgðum og öðrum likum gjörðum. En þó er líklegt, að það kæmi ekki mikið fremur að бага hér en í Noregi og Svíþjóð. Mannþroski þar og hér mun vera nokkuð likur, enda hafa ekki heyrst umkvartanir þaðan.

Hitt er vafasamara, hvort rétt sé í einu, að lækka fullræðismarkið svo mjög og fella hálfraðið burtu. Hálfraði í fjármálum á að vera nokkurs konar undirbúningur undir fullræði, og slíkur undirbúningur mundi mörgum manni yngri en 21 árs ekki veita af. Í annan stað stofnaði slík breyting til afturfarar, ef lögín ætti að ná til þeirra, er væri orðnir hálfráðir fjár síns, er þau gengi í gildi. Af henni mundi og leiða meiri umsvif fyrir skiftaráðendur og yfirfjáráðendur, þar sem búskiftum fjölgaði og umsjón með ómyndugum ykist.

En auk þessa leysir frumv. ekki úr ýmsum spurningum, er eðlilegast væri að ráða fram úr samtímis, svo sem því, hvort 21 ára aldur ætti að nægja til forráðamensku fyrir aðra, hvort ekkjur og fráskildar konur ætti að vera háðar sömu reglum og aðrar o. s. frv.

Jafnframt gæti komið til mála, að breyta núgildandi reglum um svifting fjárforraðis í líka átt og nú gerist með flestum þjóðum, taka það vald af umboðsstjórninni og fela það dómátólunum.

Og ætti þá helst um leið, að breyta ýmsum öðrum úreltum en gildandi reglum í lögum Christians V. og ýmsum yngri lögum.

Og væri á annað borð svo langt farið, væri réttast að semja nýjan bálk laga, er tæki til hvorstveggja myndugleikans í einu, fjárhagslegs og persónulegs.

Slíkt verk væri þarft verk og í rauninni nauðsynjaverk, en á hinn bóginn ókleift þingnefnd.

Stjórnin ætti hins vegar að geta annað því milli þinga.

Fyrir því hefir það orðið að samkomulagi milli flutningsmanns og hinna nefndarmannanna, að hann taki frumvarpið aftur, og nefndin ráði háttv. deild til að samþykkja í þess stað tillögu til þingsályktunar, um að skora á stjórnina að rannsaka gildandi lög um persónulegan og fjárhagslegan myndugleika og leggja fyrir næsta alþingi frumv. til laga um alt það efni.

Tillagan er prentuð sér.

Efri deild alþingis, 17. marz 1909.

Sigurður Stefánsson,  
formaður.

Lárus H. Bjarnason,  
skrifari og framsögum.

Ari Jónsson.